

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1428

2016/EES/18/12

frá 25. ágúst 2015

um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun óstefnuvirkra ljósapera til heimilisnota og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 245/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun flúrpera án innbyggðrar straumfestu, háþrýstra úrhleðslupera og varðandi straumfestur og lampa fyrir slíkar ljósaperur og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/55/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1194/2012 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun stefnuvirkra ljósapera, ljósdíóðupera og tengds búnaðar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um visthönnun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber að framkvæma endurskoðun á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009⁽²⁾ í ljósi tæknipróunar og gæta sérstaklega að þróun sölu á ljósaperum til sérstakra nota til að ganga úr skugga um að þær séu ekki notaðar til almennrar lýsingar, þróun á nýrri tækni á borð við ljósdíóður og hagkvæmni þess að setja kröfur um orkunýtni á sama þrepi og A-flokkur eins og skilgreint er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/11/EB⁽³⁾.
- 2) Samkvæmt þeim gögnum sem lögð voru fram í endurskoðun á reglugerð (EB) nr. 244/2009 virðist það ekki vera fjárhagslega hagkvæmt fyrir framleiðendur að þróa og setja á markað, frá og með 1. september 2016, stefnuvirkar halógenperur fyrir rafveituspennu sem ná þeim mörkum sett eru fyrir „áfanga 6“ í töflu 1 í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009 að því er varðar hámarksnafnafl fyrir tiltekið málafli ljósstremmis. Mat á áætlaðri þróun á orkunýtnari lýsingartækni gefur til kynna að ákjósanlegri tímunktur til að innleiða þessi mörk væri 1. september 2018.
- 3) Í því skyni að hámarka ávinning fyrir umhverfið og lágmarka fjárhagsleg áhrif á notandann er nauðsynlegt að krefjast þess að framtidarhönnun lampa sé samhæfð við orkunýtnar lausnir er varða lýsingu. Lágmarka ætti hættuna á að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 224, 27.8.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 313/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009 frá 18. mars 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun óstefnuvirkra ljósapera til heimilisnota (Stjtið. ESB L 76, 24.3.2009, bls. 3).

⁽³⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/11/EB frá 27. janúar 1998 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EEB að því er varðar orkumerkingar lampa til heimilisnota (Stjtið. ESB L 71, 10.3.1998, bls. 1)

gömul tækni sem hætt er að nota verði fyrir sjálfhelduáhrifum með því að tryggja að lampar sem settir er á markað séu að öllu leyti samhæfðir mjög orkunýtnum ljósaperum sem eru a.m.k. í orkunýtniflokki „A+“ samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012⁽⁴⁾.

- 4) Endurskoðunin á reglugerð (EB) nr. 244/2009 leiddi í ljós þörfina á því að uppfæra og skýra skilgreininguna á ljósaperum til sérstakra nota með það að markmiði að draga úr því að ljósaperur til sérstakra nota séu notaðar til almennrar lýsingar og að aðlaga kröfurnar að tækniþróun. Kröfurnar samkvæmt reglum ættu að enn fremur að greiða fyrir notkun á orkunýtnustu lausninni hvað varðar lýsingu við tiltekna sérstaka notkun.
- 5) Nauðsynlegt er að tryggja samræmi milli reglugerðar (EB) nr. 244/2009 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1194/2012⁽⁵⁾ með tilliti til skilgreiningarinnar og krafna um vöruupplýsingar fyrir vörur til sérstakra nota sem best er að ná með því að sameina breytingarnar á báðum reglugerðum. Þetta ætti að einfalda framleiðendum og birgjum að uppfylla kröfur samkvæmt reglum og styðja við skilvirkt markaðseftirlit landsbundinna yfirvalda.
- 6) Endurskoðunin á reglugerð (EB) nr. 244/2009 leiðir í ljós að athuga ætti hagkvæmni þess að setja kröfur um orkunýtni á sama þrepi og A-flokkur eða hærra í ítarlegri eftirfylgnirannsókn þar sem einnig ætti að meta hagkvæmni þess að auka orkunýtni kröfur fyrir vörur sem falla undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 245/2009⁽⁶⁾ og reglugerð (ESB) nr. 1194/2012, að vikka út gildissvið hvorrar um sig til að ná fram sem mestri lækkun á orkunotkun og að sameina allar þrjár reglugerðirnar í eina, samfellda framkvæmdarráðstöfun um kröfur varðandi vishönnun fyrir vörur til lýsingar.
- 7) Í reglugerð (EB) nr. 245/2009 eru orkunotkun á notkunartímanum og kvikasilfursinnihald ljósapera tilgreind sem mikilvægir umhverfisþættir. Því leiðir það að hafa afkastakröfur fyrir vörur að því er varðar ljósaperur án krafna um ljósnýtni kröfur vörunnar eða kvikasilfursinnihald til óþarfa stjórnsýslubyrði og gæti orðið til þess að varan sé tekin af markaði án mikilvægrar ástæðu. Breyting á gildissviði afkastakrafna vöru þannig að það sé í samræmi við gildissvið mikilvægra umhverfisþátta reglugerðarinnar ætti því að bæta það að reglusetning sé viðeigandi.
- 8) Þegar fjallað er um þörfina á að endurskoða reglugerðir um vishönnun og orkumerkingar sem tengjast lýsingu er viðeigandi að endurskoða, m.a. undanþágu fyrir ljósaperur með perustæði af gerðinni G9 og R7 og lágmarkskröfur um orkunýtingu ljósapera.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 244/2009

Reglugerð (EB) nr. 244/2009 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

⁽⁴⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012 frá 12. júlí 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar rafmagnsljósapera og lampa (Stjtið. ESB L 258, 26.9.2012, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1194/2012 frá 12. desember 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun stefnuvirkra ljósapera, ljósdíóðupera og tengds búnaðar (Stjtið. ESB L 342, 14.12.2012, bls. 1).

⁽⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 245/2009 frá 18. mars 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun flúrpera án innbyggðrar straumfestu, háþrýstra úrhleðslupera og varðandi straumfestur og lampa fyrir slíkar ljósaperur og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/55/EB (Stjtið. EB L 76, 24.3.2009, p. 17).

„4. „ljósapera til sérstakra nota“: ljósapera sem notar tækni sem fellur undir þessa reglugerð en er ætluð til sérstakra nota vegna tæknilegra mæliþátta eins og lýst er í tæknigögnunum. Sérstök not eru not sem kalla á tæknilega mæliþætti sem eru ekki nauðsynlegir við lýsingu á venjulegum svæðum eða hlutum við eðlilegar aðstæður. Þau eru eftirfarandi:

a) not þar sem ljósið er ekki fyrst og fremst ætlað til lýsingar, s.s.:

- i. útgeislun ljóss sem hluta af efnafræðilegum og líffræðilegum ferlum (svo sem fjölliðun, útfjólublátt ljós notað við söltun/þurrkun/herðingu, leysi- og lyfjameðferð, garðyrkju, umönnun gæludýra, í vörur til skordýraeyðingar),
- ii. myndataka og myndvörpun (s.s. leifturljós myndavéla, ljósritunarvélar, skjávarpar,
- iii. hitun (s.s. innrauðar ljósaperur),
- iv. merkjasendingar (svo sem umferðarljós eða flugbrautarljós),

b) beiting lýsingar þar sem:

- i. litrófsdreifingu ljóssins er ætlað að breyta útliti svæðisins eða hlutarins sem er lýstur, auk þess að gera hann sýnilegan (s.s. lýsing á matarústillingu eða litaðar ljósaperur eins og skilgreint er í 1. lið I. viðauka), að tilbrigðum í samsvarandi litarhitastigi undanskildum, eða
- ii. litrófsdreifing ljóssins er aðlöguð tilteknum þörfum tilgreinds tæknibúnaðar, auk þess að gera svæðið eða hlutinn sýnilegan mönnum (s.s. lýsing í vinnustofum, á sýningum, í leikhúsum), eða
- iii. svæðið eða hluturinn sem er upplýstur þarf sérstaka vörn gegn neikvæðum áhrifum ljósgjafans (s.s. lýsing með sérnota síun fyrir sjúklinga sem eru viðkvæmir fyrir ljósi, eða á ljósnaemum sýningargripum á söfnum), eða
- iv. lýsingar er eingöngu þörf við neyðarástand (svo sem neyðarlýsing eða stýribúnaður fyrir neyðarlýsingu), eða
- v. vörurnar sem notaðar eru til lýsingar þurfa að þola erfið eðlisfræðileg skilyrði (svo sem titring eða hitastig undir $-20\text{ }^{\circ}\text{C}$ eða yfir $50\text{ }^{\circ}\text{C}$),

Glóðarperur sem eru lengri en 60 mm eru ekki ljósaperur til sérstakra nota ef þær þola aðeins vélrænt högg eða titring og eru ekki glóðarperur í umferðarmerkjum, eða hafa málafl sem er meira en 25 W og haldið er fram að þær hafi sérkenni sem einnig eru til staðar í ljósaperum með hærri orkunýtniflokk samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 874/2012 (svo sem engin rafsegulsviðsútgeislun, gildi litendurgjafarstuðuls (CRI) sem er herra en eða jafnt og 95 og útgeislun útfjólublás ljóss er minni en eða jafnt og 2 mW á hver 1000 lm),“

b) Í stað 9. liðar komi eftirfarandi:

„9. „(volfram)halógenpera“: glóðarþáðarperu þar sem glóðarþáðurinn er úr volframi og er umlukinn lofttegund sem inniheldur halógen eða halógensambönd í peru sem er búin til úr kvars eða hörðu gleri, sem hægt er að setja saman þannig að úr verði aukahjúpur. Hana er hægt að fá með innbyggðum aflgjafa,“

c) Eftirfarandi 19. liður bætist við:

„19. „glóðarþáðarperu í umferðarljósum“: glóðarþáðarperu með málspennu sem er hærri en 60 V og bilanatíðni sem er minni en 2% á fyrstu 1000 notkunarstundunum.“

2. Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

1. Óstefnuvirkar ljósaperur til heimilisnota skulu uppfylla þær kröfur varðandi visthönnun sem settar eru fram í II. viðauka.

Hver krafa varðandi visthönnun skal taka gildi í samræmi við eftirfarandi áfanga:

1. áfangi: 1. september 2009,
2. áfangi: 1. september 2010,
3. áfangi: 1. september 2011,
4. áfangi: 1. september 2012,
5. áfangi: 1. september 2013,
6. áfangi: 1. september 2018.

Krafan gildir áfram með öðrum kröfum, sem innleiddar eru í seinni áföngum, nema hún sé leyst af hólmi eða annað sé tilgreint.

2. Ljósaperur til sérstakra nota skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) Ef liskuhnit ljósaperu eru alltaf á eftirfarandi bili:

$$x < 0,270 \text{ eða } x > 0,530$$

$$y < -2,3172 x^2 + 2,3653 x - 0,2199 \text{ eða } y > -2,3172 x^2 + 2,3653 x - 0,1595;$$

geta skal um liskuhnitin í tækniskjölunum sem búin eru til vegna samræmismats í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB, og þar skal tilgreint að hnitin gera þær að ljósaperu til sérstakra nota.

b) Að því er varðar allar ljósaperur til sérstakra nota skal geta um ætlaða notkun í öllum vöruupplýsingum, ásamt viðvörðun um að þær séu ekki ætlaðar til annars konar notkunar.

Í tækniskjölunum sem búin eru til vegna samræmismats skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal telja upp tæknilega mæliþætti sem gera hönnun ljósaperunnar sérhæfða fyrir þau sérstöku not sem getið er um.

Ef með þarf er hægt að skrá mæliþættina þannig að forðast megi að láta í té viðkvæmar viðskiptaupplýsingar tengdar hugverkarétti framleiðandans.

Ef ljósaperan er sýnileg endanlegum notanda fyrir kaupin, skulu eftirfarandi upplýsingar vera skýrt og áberandi tilgreindar á umbúðunum:

- i. ætluð notkun,
- ii. að hún sé ekki hentug fyrir lýsingu á heimilum, og
- iii. tæknilegir mæliþættir sem gera ljósaperuna sérhæfða fyrir þá ætluðu notkun sem tilgreind er.

Upplýsingarnar í iii. lið má að öðrum kosti tilgreina innan í umbúðunum.“

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 245/2009

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 245/2009 er hér með breytt eins og fram kemur í I. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 1194/2012

Reglugerð (ESB) nr. 1194/2012 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4. „vara til sérstakra nota“: vara sem notar tækni sem fellur undir þessa reglugerð en er ætluð til sérstakra nota vegna tæknilegra mælipátta eins og lýst er í tæknigögnunum. Sérstök not eru not sem kalla á tæknilega mælipætti sem eru ekki nauðsynlegir við lýsingu á venjulegum svæðum eða hlutum við eðlilegar aðstæður. Þessi not eru eftirfarandi:

a) not þar sem ljósið er ekki fyrst og fremst ætlað til lýsingar, s.s.:

- i. útgeislun ljóss sem hluta af efnafræðilegum og líffræðilegum ferlum (svo sem fjölliðun, útfjólublátt ljós notað við söltun/þurrkun/herðingu, leysi- og lyfjameðferð, garðyrkju, umönnun gæludýra, í vörur til skordýraeyðingar),
- ii. myndataka og myndvörpun (s.s. leifturljós myndavéla, ljósritunarvélar, skjávarpar,
- iii. hitun (innrauðar ljósaperur),
- iv. merkjasetningar (svo sem umferðarljós eða flugbrautarljós),

b) beiting lýsingar þar sem:

- i. litrófsdreifingu ljóssins er ætlað að breyta útliti svæðisins eða hlutarins sem er lýstur, auk þess að gera hann sýnilegan (s.s. lýsing á matarústillingu eða litaðar ljósaperur eins og skilgreint er í 1. lið I. viðauka), að tilbrigðum í samsvarandi litarhitastigi undanskildum, eða
- ii. litrófsdreifing ljóssins er aðlöguð tilteknum þörfum tilgreinds tæknibúnaðar, auk þess að gera svæðið eða hlutinn sýnilegan mönnum (s.s. lýsing í vinnustofum, á sýningum, í leikhúsum), eða
- iii. svæðið eða hluturinn sem er upplýstur þarf sérstaka vörn gegn neikvæðum áhrifum ljósgjafans (s.s. lýsing með sérnöta síun fyrir sjúklinga sem eru viðkvæmir fyrir ljósi, eða á ljósnæmum sýningargripum á söfnum), eða
- iv. lýsingar er eingöngu þörf við neyðarástand (svo sem neyðarlýsing eða stýribúnaður fyrir neyðarlýsingu), eða
- v. vörurnar sem notaðar eru til lýsingar þurfa að þola erfið eðlisfræðileg skilyrði (svo sem titring eða hitastig undir -20 °C eða yfir 50 °C),

Glóðarperur sem eru lengri en 60 mm eru ekki vörur til sérstakra nota ef þær þola aðeins vélrænt högg eða titring og eru ekki glóðarperur í umferðarmerkjum, eða hafa málafl sem er meira en 25 W og haldið er fram að þær hafi sérkenni sem einnig eru til staðar í ljósaperum með hærri orkunýtniflokk samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 874/2012 (svo sem engin rafsegulsviðsútgeislun, gildi litendurgjafarstuðuls (CRI) sem er hærra en eða jafnt og 95 og útgeislun útfjólublás ljóss er minni en eða jafnt og 2 MW á hver 1000 lm),“

b) Í stað 28. liðar komi eftirfarandi:

„28. „lampi“: vara sem dreifir, síar eða breytir ljósinu sem stafar frá einni eða fleiri ljósaperum og felur í sér alla hluti sem nauðsynlegir eru sem undirstaða, festing og vörn fyrir perurnar og, þar sem þess gerist þörf, aukabúnaður rása ásamt úrræðum fyrir tengingu við raforkukerfið, Ef varan er ekki fyrst og fremst ætluð til lýsingar og varan er háð orkuilagi við að sinna því sem hún er fyrst og fremst ætluð til við notkun (s.s. ísskápar, saumavélar, holsjár, blóðgreiningartæki) telst hún ekki lampi hvað þessa reglugerð varðar,“

c) Eftirfarandi 31. liður bætist við:

„31. „glóðarpera í umferðarljósum“: glóðarpera með málspennu sem er hærri en 60 V og bilanatíðni sem er minni en 2% á fyrstu 1000 notkunarstundunum.“

2. Ákvæðum I., III. og IV. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi sex mánuðum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. ágúst 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Breyting á III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 245/2009

1. Í stað síðustu málsgreinar liðar B í lið 1.2 í III. viðauka komi eftirfarandi:

Háþrýstar natriumperur, sem kröfur um ljósnýtni ljósapera gilda um, skulu að lágmarki vera með ljósstreymisheldni og lifunarhlutfall samkvæmt töflu 13:

Tafla 13

Ljósstreymisheldni og lifunarhlutfall að því er varðar háþrýstar natriumperur – 2. áfangi

Flokkur háþrýstra natriumpera og notkunartími fyrir mælingu	Ljósstreymisheldni ljósapera	Lifunarhlutfall ljósapera
P ≤ 75 W Ljósstreymisheldni ljósapera og lifunarhlutfall ljósapera við 12 000 klst. notkunartíma	Ra ≤ 60	> 0,80
	Ra > 60	> 0,75
	Allar ljósaperur sem eru hannaðar sem endurbótarhlutur til notkunar með straumfestum fyrir háþrýstar kvikasilfursperur	> 0,75
P > 75 W ≤ 605 W Ljósstreymisheldni ljósapera og lifunarhlutfall ljósapera við 16 000 klst. notkunartíma	Ra ≤ 60	> 0,85
	Ra > 60	> 0,70
	Allar ljósaperur sem eru hannaðar sem endurbótarhlutur til notkunar með straumfestum fyrir háþrýstar kvikasilfursperur	> 0,75

Kröfurnar samkvæmt töflu 13 að því er varðar ljósaperur sem eru hannaðar sem endurbótarhlutur til notkunar með straumfestum fyrir háþrýstar kvikasilfursperur skulu gilda í 6 ár eftir gildistöku þessarar reglugerðar.“

2. Í stað liðar 1.2 í III. viðauka komi eftirfarandi:

„C. Kröfur í 3. áfanga

Átta árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar:

Málmhalógenperur, sem kröfur um ljósnýtni ljósapera gilda um, skulu að lágmarki vera með ljósstreymisheldni og lifunarhlutfall samkvæmt töflu 14:

Tafla 14

Ljósstreymisheldni og lifunarhlutfall að því er varðar málmhalógenperur – 3. áfangi

Notkunartími (klst.)	Ljósstreymisheldni ljósapera	Lifunarhlutfall ljósapera
12000	> 0,80	0,80 ⁶

II. VIÐAUKI

Breytingar á ákvæðum I., III. og IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1194/2012

1. Í stað 2. liðar í I. viðauka komi eftirfarandi:

„2. Að því er varðar allar vörur til sérstakra nota skal geta um ætlaða notkun í öllum vöruupplýsingum, ásamt viðvörun um að þær séu ekki ætlaðar til annars konar notkunar.

Í tækniskjölunum sem búið eru til vegna samræmismats skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal telja upp tæknilega mæliþætti sem gera hönnun vörunnar sérhæfða fyrir þau sérstöku not sem getið er um.

Ef með þarf er hægt að skrá mæliþættina þannig að forðast megi að láta í té viðkvæmar viðskiptaupplýsingar tengdar hugverkarétti framleiðandans.

Ef varan er sýnileg endanlegum notanda fyrir kaupin, skulu eftirfarandi upplýsingar vera skýrt og áberandi tilgreindar á umbúðunum:

- a) ætluð notkun,
- b) að hún sé ekki hentug fyrir lýsingu á heimilum, og
- c) tæknilegir mæliþættir sem gera ljósaperuna sérhæfða fyrir þá ætluðu notkun sem tilgreind er.

Upplýsingarnar í c-lið má að öðrum kosti tilgreina innan í umbúðunum.“

2. Í stað liðar 2.3 í III. viðauka komi eftirfarandi:

„2.3 **Kröfur um virkni búnaðar sem er hannaður til innsetningar milli rafveitu og ljósapera**

- a) Frá og með öðrum áfanga skal búnaður sem hannaður er til innsetningar milli rafveitu og ljósapera uppfylla nýjustu og fullkomnustu kröfur um samhæfi við ljósaperur með orkunýtnistuðul (reiknaðan fyrir bæði stefnuvirkar og óstefnuvirkar ljósaperur í samræmi við aðferðina sem sett er fram í lið 1.1 í þessum viðauka) sem er í mesta lagi:

— 0,24 fyrir óstefnuvirkar ljósaperur (miðað við að Φ_{use} = heildarmálafli ljósstreymis),

— 0,40 fyrir stefnuvirkar ljósaperur.

Þegar kveikt er á stjórnbúnaði fyrir ljósdeyfi á lægstu ljósastillingu skulu ljósaperurnar sem stjórnað er gefa frá sér a.m.k. 1% af ljósstreymi sínu við fullt álag.

Þegar lampi er settur á markað og ljósaperur sem endanlegur notandi getur skipt um fylgja með lampanum, skulu ljósaperurnar vera í öðrum hvorum hæstu orkuflokkanna, samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) nr. 874/2012, sem lampinn samrýmist samkvæmt merkimiða.

- b) Frá og með þriðja áfanga skal lampi sem er hannaður fyrir ljósaperur sem endanlegur notandi getur skipt um og sem settur er á markað vera að öllu leyti samhæfður ljósaperum í orkunýtniflokki „A+“ að lágmarki samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) nr. 874/2012. Í tækniskjölunum sem búið eru til vegna samræmismats skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal telja upp a.m.k. eina raunhæfa samsetningu vöruumhverfis og prófunarskilyrða fyrir vöruna.“

3. í stað liðar 3 í IV. viðauka komi eftirfarandi:

„3. **Sannprófunaraðferð vegna búnaðar sem er hannaður til innsetningar milli rafveitu og pera**

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu.

Búnaðurinn skal teljast í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í þessari reglugerð ef hann reynist samræmast ákvæðum um samhæfi í liðum 2.3 í III. viðauka og beitt er nýjustu og fullkomnustu tækni og viðmiðunum við mat á samhæfi, þ.m.t. aðferðir sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Ef komist er að niðurstöðu um ósamræmi hvað varðar ákvæðin um samhæfi í a-lið liðar 2.3 skal tegundin samt teljast samrýmast ef hún uppfyllir kröfur um vöruupplýsingar í lið 3.3. í III viðauka eða í lið 2.3 í framseldri reglugerð (ESB) nr. 874/2012.

Auk krafna um samhæfi skal stýribúnaður pera einnig prófaður til að ganga úr skugga um að þær séu í samræmi við kröfur um orkunýtni í lið 1.2 í III. viðauka. Prófunin skal gerð á einum stýribúnaði peru, ekki á samsetningu nokkurra hluta stýribúnaðar ljósaperu, jafnvel þótt tegundin sé hönnuð til að treysta á aðra hluta stýribúnaðar perunnar með tilteknum búnaði. Tegundin skal teljast í samræmi við kröfur ef niðurstöðurnar víkja ekki meira en 2,5% frá viðmiðunarmörkunum. Ef niðurstöðurnar víkja meira en 2,5% frá viðmiðunarmörkunum skal prófa þrjár einingar til viðbótar. Tegundin telst uppfylla kröfurnar ef meðaltal niðurstaðna úr þremur síðari prófununum víkur ekki meira en 2,5% frá viðmiðunarmörkunum.

Auk krafna um samhæfi skal einnig kanna hvort perur fylgi lömpum sem ætlunin er að markaðssetja með endanlega notendur í huga. Tegundin telst uppfylla kröfurnar ef engar perur fylgja eða ef perur sem fylgja eru í þeim orkuflokkum sem krafist er í lið 2.3 í III. viðauka.

Auk krafna um samrýmanleika skal prófa stjórnbúnað fyrir ljósdeyfi með glóþráðarperum þegar stjórnbúnaðurinn er í lægstu ljósdeyfistillingu. Tegundin telst uppfylla kröfurnar ef perurnar gefa frá sér a.m.k. 1% af ljósstreymi sínu við fulla hleðslu þegar þær eru settar í samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.

Ef tegundin uppfyllir ekki viðeigandi samræmisviðmiðanir sem vísað er til hér að ofan telst hún ekki uppfylla kröfurnar. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu gefa yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni upp niðurstöður úr prófunum og aðrar viðeigandi upplýsingar innan eins mánaðar frá því að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæðin liggur fyrir.“